

Reglur um fágætar vörur

1. gr.

Markmið reglna þessara er að skapa vettvang fyrir framleiðendur og innflytjendur áfengis til að koma fágætum vörum í sölu í verslunum ÁTVR og stuðla með því að fjölbreytni í vöruúrvali ÁTVR.

Vörur eru fágætar í skilningi þessara reglna sem t.d. bjóðast í takmörkuðu magni, hafa söfnunargildi, bera þekkt vörumerki og tilheyra eldri árgöngum.

2. gr.

ÁTVR er heimilt að auglýsa árlega eftir fágætum vörum til kaups af birgjum.

3. gr.

ÁTVR er heimilt að fella niður umsóknargjald á vörum sem keyptar eru samkvæmt reglum þessum.

ÁTVR er heimilt að falla frá því að framkvæma skynmat á vöru sem keypt er samkvæmt reglum þessum.

4. gr.

Val á vöru til kaups grundvallast að jafnaði á:

- gæðamati ÁTVR, sbr. skynmati.
- verðmati á vöru að teknu tilliti til gæða.
- orðspori vöru.
- o.fl. þátta.

5. gr.

Vara sem keypt er samkvæmt reglum þessum fer í sérflokk

6. gr.

Auglýsing skal birt á birgjavef ÁTVR fyrir lok júní ár hvert.

Frestur til að skila umsóknum skal almennt vera fram í miðjan september ár hvert.

Í auglýsingu skal tilgreina:

- Tímafresti til að skila inn umsókn.

- Nauðsynleg fylgigögn umsóknar.
- Hvort að gerð sé krafa um að sýnishorn fylgi umsókn svo unnt sé að framkvæma skynmat.
- Hvort að umsóknargjald sé felld niður vegna umsóknar.
- Hvernig val á vöru fer fram.
- Lágmarks- og/eða hámarksfjölda vöruhegunda sem ætlað er að kaupa hverju sinni. ÁTVR er einnig heimilt að setja frekari takmarkanir s.s. um hámarks fjárhæð innkaupa o.fl.
- Hámarks- og eftir atvikum lágmarks magn af sölueiningum sem ætlað er að kaupa hverju sinni.

7. gr.

Sala á vöru sem keypt er samkvæmt reglum þessum skal almennt hefjast eigi síðar en 1. desember ár hvert.

8. gr.

Reglugerð, nr. 755/2011, um vöruval og sölu áfengis og skilmálar í viðskiptum við birgja er reglum þessum til fyllingar.

Reykjavík, 27. mars 2014.

Fyrir hönd Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins,

Einar Snorri Einarsson